

LANGVINN SÁR OG SÝKINGAR Á HJÚKRUNARHEIMILUM



Þumalputtaregla í allri meðferð langvinnra sára er að hafa í huga undirliggjandi vandamál sem geta valdið sáramyndun eða seinkuðum gróanda

SKOÐA Í UPPHAFI MEÐFERÐAR EÐA VIÐ HÆGAN GRÓANDA

- Skráið dýpt og umfang sárs
- Næringarinntaka (sérstakl. prótein)
- Blóðsykur / sykurstjórn
- Ónógt blóðflæði
- Nálægð við undirliggjandi vefi

- Greinið tegund sárs¹
- Meðhöndlið bjúg
- Afléttið þrýstingi
- Rýnið lyf viðkomandi
- Aðskotahlutur / dauður vefur í sári



GRÓANDI ER HÆGUR ÞRÁTT FYRIR GÓÐA SÁRAUMHIRÐU OG AÐSTÆÐUR

ERU SÝKINGAMERKI Í NÆRLIGGJANDI HÚÐ² EÐA NÆR SÁR INN AÐ BEINI, BRJÓSKVEF EÐA LÍFFÆRUM?

NEI

JÁ

RÆÐIÐ VIÐ LÆKNI



ER GRUNUR UM VÖXT SÝKLA / BÓLFESTU Í SÁRI SEM SVARAR EKKI GÓÐRI SÁRAUMHIRÐU?



NEI

JÁ

Almennt eru **ekki** gefin sýklalyf til inntöku við sýklun/ bólfestu og **ekki** er talið gagn í staðbundnum sýklalyfjum. Viss staðbundin meðferð getur þó gagnast, t.d. hunang, silfur, joð.

UM SÝNATÖKU / RÆKTUN ÚR LANGVINNU SÁRI

- Ræktun ætti einungis að gera að vandlega hugsuðu máli. Sýni er þá tekið úr sárbotni **eftir** þvott og hreinsun sárs en **ekki** á óhreinsuðu sári.
- Fyrst og fremst er það við dæmigerð sýkingamerki í húð² eða ef sár nær inn að dýpri vefjum sem gripið er til ræktunar og sýklalyfjameðferðar.
- Ákvörðun um ávísun sýklalyfja, val á lyfi og tímalengd meðferðar er tekin af lækni að loknu mati á einstaklingnum með hliðsjón af leiðbeiningum.³

1. Bláæða-, blóðþurrðar-, þrýstings-, sykursýkis-sár. 2. Roði, þroti, verkur og/eða hiti út fyrir sárbarma.

3. <https://throunarmidstod.is> -> Leiðbeiningar -> STRAMA